

Starfskjarastefna Lykils fjármögnunar hf. 2018

I. Almennt

Stjórn Lykils fjármögnunar hf. hefur samþykkt eftirfarandi starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og góða stjórnarhætti, en stefnan varðar laun og aðrar greiðslur til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykil stjórnenda.

Stjórnin leggur til að aðalfundur félagsins, sem haldinn er þann 26. mars 2018, staðfesti eftirfarandi stefnu.

Starfskjarastefnan er til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins. Ekki má líta svo á sem starfskjarastefna þessi veiti tæmandi yfirsýn yfir starfskjör í félaginu. Víki stjórn frá starfskjarastefnunni skal það rökstutt í hverju tilviki fyrir sig og bókað í fundargerð stjórnar.

Meginmarkmið starfskjarastefnu félagsins er að kjör starfsmanna verði aðlaðandi og samkeppnishæf, enda eru starfsmenn lykilþáttur í árangursríkri starfsemi félagsins er leggja grunn að langtíma hagsmunum félagsins, eigendum þess, kröfuhöfum og viðskiptavinum til hagsbóta. Á þessum forsendum verði Lykill fjármögnun hf. eftirsóknarverður starfsvettvangur er laðað geti til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólk.

II. Starfskjör stjórnarmanna og aðila í undirnefndum stjórnar

Stjórn félagsins fær greidda mánaðarlega þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Þá skal varamönnum í stjórn sem og aðilum í undirnefndum stjórnar greidd þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Við gerð tillögu um þóknun stjórnarmanna, varamanna og vegna starfa í undirnefndum stjórnar skal taka mið af þeim tíma sem aðilar verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Aðrar launagreiðslur Lykils fjármögnunar hf. til stjórnarmanna en greinir í ákvörðun hluthafafundar eru óheimilar. Því til viðbótar er óheimilt að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

III. Starfskjör framkvæmdastjóra

Starfskjör framkvæmdastjóra félagsins skulu ákveðin af stjórn félagsins með skriflegum ráðningarsamningi, en heimilt er að veita stjórnarformanni umboð til að hafa eftirlit með eða útfæra nánar tilgreind atriði varðandi starfskjör framkvæmdastjóra. Föst laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem félagið starfar á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans. Þá skulu tilgreind önnur þau starfskjör sem tíðkanleg eru í hliðstæðum störfum ásamt greiðslum í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Árlega skal endurskoða starfskjör framkvæmdastjóra. Við slíka endurskoðun skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu félagsins.

IV. Starfskjör lykilstjórnenda

Framkvæmdastjóri ræður lykilstjórnendur. Við ákvörðun starfskjara þeirra skal taka tillit til hæfni, frammistöðu, mikilvægis og ábyrgðar, auk ákvæða laga og kjarasamninga. Gæta skal þess að starfsmönnum sé umbunað fyrir skyndilegt eða viðvarandi álag, sem er umfram það sem eðlilegt getur talist. Þessu til viðbótar skal gæta sömu sjónarmiða og fram koma í I. og III. lið starfskjarastefnu þessarar.

Við starfslok skulu greiðslur til starfsmanna félagsins almennt byggja á gildandi starfssamningi. Við sérstakar aðstæður þegar slíkt samkomulag er til hagsbóta fyrir félagið getur það gert sérstakan starfslokasamning við starfsmenn í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.

V. Kaupaukakerfi

Stjórn félagsins hefur á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 388/2016 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja sett upp kaupaukakerfi hjá félaginu. Markmið kerfisins er m.a. að tengja enn betur hag félagsins og stjórnenda með langtímahagsmuni í huga er hvetji ekki til óhófllegrar áhættutöku enda sé hún í samræmi við áhættustefnu- og vilja félagsins.

VI. Endurskoðun og upplýsingagjöf

Starfskjarastefna félagsins skal tekin fyrir á aðalfundi félagsins árlega og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar. Endurskoða skal starfskjarastefnuna svo oft sem þurfa þykir, komi til breytinga á starfskjarastefnunni milli aðalfunda skulu breytingar á henni lagðar fyrir hluthafafund.

Á aðalfundi skal stjórn gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstjórnenda í samræmi við ársreikning félagsins.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.